# UNIVERSITY COLLEGE LONDON

*University of London*

## EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS

*For The Following Qualification:-*

*B.A.*

**Scand. Studs. SC1190: Basic Modern Icelandic**

| | | |
|---|---|---|
| COURSE CODE | : | **SCAN1190** |
| UNIT VALUE | : | **1.00** |
| DATE | : | **01-MAY-03** |
| TIME | : | **10.00** |
| TIME ALLOWED | : | **3 Hours** |

03-C1143-3-30

© 2003 University College London

**TURN OVER**

**Answer ALL questions.**

**A. (60%) Read the following text carefully and answer questions 1-7 below in your Answer Book:**

Á ég að segja þér frá einni ömmu sem ég þekki? Hún er sko skrítin. Allt öðruvísi en amma mín. Svona hress og kát. Hún heitir Gunnjóna. Áður en hún flutti í blokkina mína átti hún heima í sveit. Bærinn hennar var með torfþaki og pínulitlum gluggum. Og það uxu blóm á þakinu. Gunnjóna á mynd af bænum.

Gunnjóna bjó alein, en henni leiddist samt ekkert. Hún átti svo mörg dýr að leika sér við: eina kú, sjö hænur, tvær kindur og líka kött. Gunnjóna var heppin. Hún þurfti eiginlega aldrei að fara út í búð. Kýrin gaf henni mjólk, hænurnar gáfu henni egg og kindurnar gáfu henni ull til að prjóna úr. Svo átti hún líka stóran matjurtagarð með allskonar grænmeti. Hún Gunnjóna kann að búa til undanrennu og rjóma úr mjólk. Svo býr hún til smjör úr rjómanum. Og skyr og mysu úr undanrennunni. Hún getur bara allt!

Svo varð hún einu sinni veik. Ekki alvarlega veik sem betur fer, en læknirinn sagði: 'það er ekkert vit í að búa hér alein. Þú ættir að flytja'. Hefurðu prófað að flytja? Þá verður að setja allar bækurnar og dótið í kassa og bera út í bíl og öll húsgögnin líka. Og svo aftur inn á nýja staðinn. Það er mikil vinna. En Gunnjóna átti ekki mikið dót og hún var enga stund að pakka niður. Fyrst þurfti hún samt að selja bæinn sinn og láta frænda sinn í borginni nota peningana til að kaupa íbúð. Íbúðin sem hann keypti var einmitt í blokkinni minni.

En svo voru dýrin. Hvað átti hún að gera við þau? En fólkið á næsta bæ vildi alveg taka dýrin að sér. Samt var erfitt fyrir Gunnjónu að kveðja dýrin sín. Hún ákvað að taka Snjólf með sér. Það er kötturinn hennar. Svo pantaði hún vörubíl til að flytja dótið og fór sjálf með. Hún hlakkaði svo til að sjá borgina.

Gunnjóna var ekkert glöð þegar hún skoðaði nýju íbúðina sína. 'Mikil ósköp eru að sjá þetta! Veggirnir svona hvítir og sléttir og gluggarnir hræðilega stórir. Ég fer aftur heim!' En þá stökk kötturinn út um gluggann. Gunnjóna hljóp að glugganum. Þá sagði ég: 'Þetta er allt í lagi. Hann stökk bara út á svalir. Sko. Þarna opnar maður.'

Svalirnar eru svo stórar að það sést langt upp í fjöll og alla leið út á sjó. Gunnjóna beygði sig pínulítið í hnjánum. Þá sá hún bara fjöllin og himininn, en ekki húsin. 'A..h! Nú er ég komin upp í sveit aftur!' Svo rétti hún úr sér. 'Og nú er ég í borg!'

Hvað átti hún að gera næst? 'Viltu koma í sund?' spurði ég. 'Til er ég!' sagði Gunnjóna. Hún vildi skoða eitthvað nýtt á hverjum degi. Og við sáum allt held ég.

**Questions:**

1. Translate lines 1-10 of the above text ('Á ég ... mjólk.') into English.

2. Answer the following questions (a)-(e) in English:

   (a) Why is Gunnjóna moving and where to?

   (b) How does her cousin help her?

   (c) What does she do with the animals?

   (d) What is her new home like?

   (e) What does she want to do after she has moved in?

3. Write an Icelandic word that has an *opposite* meaning to EACH of the following words (a)-(e) below:

   (a) kátur (line 2)

   (b) sveit (line 3)

   (c) aldrei (line 7)

   (d) veikur (line 12)

   (e) opna (line 26)

4. Decline the nouns (a)-(e) below with the definite article, according to the following pattern:

hænan – hænuna – hænunni – hænunnar

(a) þak (line 4)

(b) búð (line 7)

(c) egg (line 8)

(d) vörubíll (line 21)

(e) himinn (line 28)

5. Give the cardinal forms (infinitive, present tense first person singular, past tense first person singular and plural) of the verbs (a)-(e), according to the following pattern:

fékk: að fá – fæ – fékk – fengum

(a) uxu (line 4)

(b) bjó (line 5)

(c) flytja (line 13)

(d) ákvað (line 20)

(e) stökk (line 25)

6. Write the correct prepositions in place of the numerals in (a)-(e):

(a) Haukur borðar alltaf kornflögur (1) morgnana.

(b) Ég ætla að bjóða vinkonum mínum (2) mat í kvöld.

(c) Anna fer (3) Svíþjóðar í sumarfrí.

(d) Komdu þér (4) fötunum!

(e) Kennarinn minn skrifar alltaf (5) blekpenna.

7. Write the correct form of the appropriate pronoun (personal/possessive/reflexive) in place of the numerals in (a)-(e). In each case, the pronoun in question refers to the subject.

(a) Ég bý hjá pabba (1).

(b) Börnin heimsækja ömmu (2) og afa.

(c) Þau skemmtu (3) vel á ballinu.

(d) Passið (4) á bílunum!

(e) Gunnjóna saknar dýranna (5).

**B. (40%) Write an essay in Icelandic (of AT LEAST 150 words) on ONE of the following topics:**

1. Verslunarævintýri.
2. Reykjavík.
3. Súkkulaðisýki.
4. Uppáhaldsdýrið mitt.
5. Borgarlíf.
6. Skrifaðu sögu um myndina hér að neðan.





**END OF PAPER**